

STEINSTEYPUNEFND

Steinsteypunefnd hefur frá upphafi verið ein helsta stoð steinsteypurannsókna við Rannsóknastofnun byggingar-
iðnaðarins (Rb), nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Steinsteypunefnd var sett á fót árið 1967 af iðnaðarráðuneytinu að
frumkvæði Haralds Ásgeirssonar, þáverandi forstjóra Rb. Verkefni nefndarinnar var að vinna að rannsóknum sem
hindrað gætu grotnun í steinsteypu. Kveikjan að stofnuninni var sú að svonefndar alkáliskemmdir í steinsteypu höfðu
verið uppgötvaðar í USA. Rannsóknir Haralds sýndu að möguleiki á slíkum skemmdum væri einnig á Íslandi.

Í upphafi snérust rannsóknirnar mikið um alkálivirkni og alkáliskemmdir í steypu. Á seinni árum hefur rannsóknar-
sviðið breikkað og spannar nú öll svið sem lúta að framförum í steypugerð, aukna hagkvæmni og betri endingu
steyptra mannvirkja. Árangur rannsókna sem Steinsteypunefnd hefur kostað er afar góður og má þar nefna m.a. að
alkáliskemmdir eru ekki lengur vandamál á Íslandi, nýting kísilryks hefur stórlega bætt gæði sements og steyptra
mannvirkja, notkun sílanefna er áhrifarík aðferð og einföld til að hindra grotnunarskemmdir í útveggjum húsa,
viðhaldsaðferðir hafa batnað, gæðaeftirlit stórlega aukist og svo má lengi telja.

Aðilar Steinsteypunefndar hafa frá upphafi kostað starfsemi Steinsteypunefndar. Núverandi aðilar eru: Framkvæmda-
og eignasvið Reykjavíkurborgar, Vegagerðin, Landsvirkjun, Sementsverksmiðjan, Siglingamálastofnun, Nýsköpunar-
miðstöð Íslands, B.M. Vallá, Steypustöðin og Björgun.

Á heimasíðu Steinsteypunefndar er veittur opin og endurgjaldslaus aðgangur að öllum skýrslum rannsóknaverkefna
nefndarinnar. Slóðin er www.steinsteypunefnd.is

